



N-listinn í Djúpavogshreppi
Andrés Skúlason
Borgarlandi 15
765 Djúpavogi

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 4. júlí 2006
Tilv.: FEL06060031/1022

Þann 4. júlí 2006 var í félagsmálaráðuneyti kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Með bréfi, dags. 19. júní 2006, hafa Andrés Skúlason og Albert Jensson, fyrir hönd N-lista við sveitarstjórnarkosningar í Djúpavogshreppi, 2006, skotið til félagsmálaráðuneytisins úrskurði, dags. 14. júní 2006, sem kveðinn var upp af nefnd sem skipuð var af sýslumanninum á Eskifirði skv. 1. másl. 2. mgr. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, til að fjalla um gildi sveitarstjórnarkosninga í Djúpavogshreppi sem fram fóru 27. maí 2006 (hér eftir nefnd kjörnefnd). Úrskurðinum er skotið til ráðuneytisins með heimild í 3. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998.

Kærandi gerir eftirfarandi kröfur í erindinu til ráðuneytisins:

Í fyrsta lagi er gerð krafa um það að úrskurðað verði að kæra L-listans til kjörnefndar verði úrskurðuð of seint fram komin og kosningaúrslitin lätin standa eins og kjörstjórn úrskurðaði endanlega. Tekið er fram að í raun sé verið að krefjast frávísunar málsins vegna þess að kæra hafi ekki borist innan kærufrests.

Í öðru lagi er þess krafist að viðurkennt verði að engin vafaatkvæði hafi verið fyrir hendi og því óheimilt að úrskurða um slík atkvæði og kosningaúrslitin lätin standa eins og kjörstjórn úrskurðaði endanlega.

Í þriðja lagi er þess krafist að ef ekki verði fallist á ofanefndar kröfur verði framkvæmd alger endurtalning á öllum atkvæðum í Djúpavogshreppi, bæði gildum og ógildum.

Þann 21. júní 2006 hafði ráðuneytið símasamband við formann kjörnefndar og óskaði gagna um það hvenær kæran var póstsend. Umbeðið gagn barst samdægurs frá Íslandspósti hf., sbr. skjalið „Staðsetning bókfærðra sendinga“, dags. 21. júní 2006.

Þann 26. júní 2006 bárust ráðuneytinu athugasemdir við kærana, dagsettar sama dag, frá Guðmundi Val Gunnarssyni kæranda kosninganna til kjörnefndar f.h. L-lista. Athugasemdir Guðmundar Vals voru sendar kærendum N-listans með bréfi ráðuneytisins, dags. 27. júní 2006, og veittur frestur til athugasemda til 3. júlí. Athugasemdir Andrésar Skúlasonar, f.h. N-lista, dags. 29. júní 2006, bárust ráðuneytinu samdægurs.

I. Úrskurður kjörnefndar.

„Ár 2006, miðvikudaginn 14. júní, kveður kjörnefnd sem í sitja Gísli M. Auðbergsson lögmaður og formaður yfirkjörstjórnar Fjarðabyggðar, Björn Þór Rögnvaldsson löglærður fulltrúi Sýslumannsins á Eskifirði og Stefán Pálmason fulltrúi í yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar upp eftirfarandi

Ú R S K U R Ð:

Mál þetta hófst með kæru Guðmundar Vals Gunnarssonar, kt. 240157-2259, Lindarbrekku, Djúpavogshreppi, til Sýslumannsins á Eskifirði. Kæruefnið eru sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fóru í Djúpavogshreppi þann 27. maí 2006.

Með bréfi Sýslumannsins á Eskifirði, dags. 7. júní 2006, voru ofangreindir skipaðir í kjörnefnd til að úrskurða um hina fram komnu kæru.

Kjörnefnd barst þann 8. júní 2006 umsögn kjörstjórnar Djúpavogshrepps um kærana. Sama dag átti kjörnefnd fund með kjörstjórninni, þar sem kjörstjórn skýrði málið fyrir kjörnefnd og afhenti kjörnefnd auk þess alla kjörseðla og önnur kjörgögn sem notuð voru við kosningarnar.

Jafnframt átti kjörnefnd sama dag fund með kæranda, sem er efsti maður á L-lista. Og sömuleiðis með Andrésí Skúlasyni efsta manni á N-listans þar sem honum var gefinn kostur á að gæta hagsmuna þess framboðs við málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar.

Kjörnefnd hefur yfirfarið og rannsakað kjörseðla þá sem notaðir voru við kosningarnar.

II.

Í kæru finnur kærandi í fyrsta lagi að því að kjörstjórn hafi úrskurðað ógilda atkvæðaseðla sem kærandinn telur að hefðu átt að teljast gildir. Í annan stað er fundið að því að í kjörklefa hafi ekki verið leiðbeiningar um hvernig atkvæðagreiðsla fari fram. Og í þriðja lagi að þeim vinnubrögðum kjörstjórnar að ljúka talningu, slíta fundi og kalla síðan saman fund síðar um kvöldið til að fara aftur yfir málin. Á fundi kæranda með kjörnefnd nefndi hann fjórða aðfinnsluatriðið, sem er að kjörkassi sem notaður var til varðveislu kjörseðla og annarra kjörgagna hafi ekki verði innsiglaður.

Um þessi verður fjallað sérstaklega hvert um sig í köflum IV–VII hér á eftir.

III.

Samkvæmt upplýsingum frá Sýslumanninum á Eskifirði var kærana sett fram með þeim hætti að innan kærufrests hafði kærandi símasamband við embættið tilkynnti að hann vildi kæra. Sendi hann síðan embættinu kærana í tölvupósti þann 2. júní 2006, sem er innan kærufrests. Undirritað frumrit kærunnar barst embættinu hins vegar ekki fyrr en þann 6. júní 2006, þ.e. eftir að kærufresti lauk.

Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5 frá 1998 geyma engin formaskilyrði fyrir kosningakærum. Eini gallinn á því að gera slíkt með tölvupósti er sá að ekki unnt að sjá frá hverjum bréfið stafar með jafn tryggum hætti og ef um væri að ræða undirritað bréf. Þar sem um kosningakæru gildir reglan actio popularis, (hver á sök sem vill) kemur

Þetta hins vegar ekki að sök í þessu tilviki. Að þessu virtu telur kjörnefnd kærana því hafa verið setta fram með fullnægjandi hætti og að rétt sé að taka hana til efnislegrar meðferðar.

IV.

Í kærubréfinu segir „í kjörklefa voru engar leiðbeiningar um kosningar eða nokkur leiðarvísir um hvernig skyldi merkja við á seðlunum“.

Um þetta er fjallað í 46. gr. sveitarstjórnarkosningalaganna, þar sem segir; „Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp tilkynningu um framboðslista í sveitarfélaginu, þegar um bundna hlutfallskosningu er að ræða, þar sem fram koma heiti stjórnáttakamtaka, listabókstafir og nöfn frambjóðenda í sömu röð og á kjörseðli. Á sama hátt skal festa þar upp kosningaleiðbeiningar er félagsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.“

Kjörstjórn segir í umsögn sinni að leiðbeiningar frá Félagsmálaráðuneytinu og ljósrit kjörseðils hafi verið hengd upp á vegg. Ljósrit kjörseðilsins hefur þá þjónað hlutverki þess sem lagaákvæðið kallar tilkynningu um framboðslista. Á fundi sínum með kjörnefnd lýsti kjörstjórn því svo að þetta hafi verið fest upp á áberandi stöðum, annars vegar í anddyrinu við hliðina á hurð inn í kjörfundarstofuna. Og hins vegar inni í kjörfundarstofunni, sem er L-laga gangur í skólahúsi, á vegg sem er beint á móti þeim sem kemur inn úr anddyrinu. Þar sé sá staður þar sem dyravörðurinn haldi sig og kjósendur bíði ef biðröð myndast. Gerði kjörstjórn uppdrátt af þessum aðstæðum og lagði fram.

Unnþór Snæbjörnsson sem var dyravörður á kjörstað, hefur í símtali við kjörnefnd staðfest lýsingu kjörstjórnar á því hvar leiðbeiningar og ljósrit kjörseðils hafi hangið uppi, og segir að þetta vera tiltölulega áberandi stað.

Það er álit kjörnefndar að til fyrirmyndar hefði verið ef leiðbeiningarnar og tilkynningin hefðu hangið uppi bæði inni í kjörklefanum sjálfum og á áberandi stað/stöðum öðrum á kjörstaðnum. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði er hins vegar ekki gerð krafa um að þetta hangi uppi í kjörklefanum sjálfum, heldur talað um kjörfundarstofuna og annan áberandi stað.

Kjörnefnd telur að leggja beri til grundvallar að kjörstjórnin hafi fullnægt þessu lagaskilyrði, enda hefur ekki verið sýnt fram á annað.

Auk þess má benda á, að samkvæmt úrskurði Félagsmálaráðuneytisins frá 27. júní 2002 í máli er varðaði sveitarstjórnarkosningar í Eyja- og Miklaholtshreppi, veldur það eitt og sér ekki ógildi kosninga þó vanrækt sé að hengja upp leiðbeiningar á kjörstað.

V.

Kærandi finnur að því hvernig vinnubrögð kjörstjórnar voru eftir að kjörfundi lauk.

Kjörnefnd hefur fengið greinargóðar lýsingar á þessum atburðum í umsögn kjörstjórnar og viðtölum við kæranda, kjörstjórn og efsta mann N-listans.

Atvik virðast hafa verið með þeim hætti, að eftir að talningu lauk á hefðbundinn hátt hafi niðurstaðan verið sú að L-listi fengi 82 atkvæði og N-listi 164 atkvæði. Vegna mistaka hafi kjörstjórn álitnið að þetta þýddi að L-listinn fengi tvo fulltrúa í hreppsnefnd og N-listi þrjá, og slitið talningarfundinum við svo búíð. Strax eftir að heim var komið hafi formaður kjörstjórnar þó áttað sig á mistökunum, og hafi þá strax verið kallað til fundar með kjörstjórn og efstu mönnum listanna. Á þeim fundi hafi þessi mistök verið kynnt, dregið milli 2. fulltrúa L-listans og 4. fulltrúa N-listans. Auk þess hafi kjörkassinn verið opnaður, seðlarnir skoðaðir, en ekki tekin ný afstaða til vafaatkvæða.

Hér reynir á hvort kjörstjórn geti leiðrétt mistök sín með þessum hætti eða hvort hún sé

bundin af fyrri niðurstöðu sinni um hver úrslitin voru. Mikilvægt er að veita því athygli að ekki er um breytingu á ákvörðun að ræða heldur leiðréttingu á mistökum við útreikninga. Kjörnefnd lítur svo á skv. 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37 frá 1993 hafi kjörstjórn verið heimilt að framkvæma þessa leiðréttingu, og í raun beinlínis skylt m.t.t. meginsjónarmiða um lýðræði.

Ekki er ástæða til að gera athugasemd við hvernig kjörstjórn stóð að þessari leiðréttingu, að öðru leyti en hvað varðar meðferð kjörgagna, en fjallað verður sérstaklega um það atriði í kafla VII hér á eftir. Vakin er athygli á að kjörstjórn gætti að því að boða til fundarins þá aðila sem verið höfðu fulltrúar framboðslistanna við talninguna, þ.e.a.s. efstu menn þeirra.

VI.

Alls greiddu 267 manns atkvæði í sveitarstjórnarkosningunum í Djúpavogshreppi 2006. Af þeim voru 7 seðlar auðir og 14 seðlar metnir ógildir. L-listi, Framtíðarlistans, fékk 82 atkvæði (10 utankjörfundaratkvæði og 72 greidd á kjörfundi) og N-listi, Nýlistans fékk 164 atkvæði (24 utankjörfundaratkvæði og 140 greidd á kjörfundi). Kosið var um sæti 5 hreppsnefndarfulltrúa. Miðað við þessi úrslit voru jafn mörg atkvæði að baki 2. fulltrúa L-lista og 4. fulltrúa N-lista, og þurfti að varpa hlutkesti milli þeirra. Var það gert og vann N-listinn hlutkestið.

Í kæru er lýst þremur vafaatkvæðum sem metin voru ógild, og þess krafist að þau verði metin gild.

Í ljósi þess að hvert atkvæði gat skipt máli um skiptingu hreppsnefndarfulltrúa milli listanna og í ljósi rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaganna nr. 37 frá 1993 um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því, hefur kjörnefnd skoðað alla 267 atkvæðaseðlana sem notaðir voru í kosningunum. Í ljós kom að allir seðlarnir sem kjörstjórn mat gilda, reyndust réttilega metnir. Sjö seðlar reyndust auðir.

Ógildu seðlarnir 14 voru útfylltir sem hér segir (Tólf hinir fyrstgreindu eru kjörfundarseðlar en tveir síðastnefndu eru utankjörfundaratkvæði):

1. Krossað er framan við nafn 7. manns á L-lista, og ekki aðrar merkingar.
2. Krossað er framan við nafn 1. manns á N-lista, og ekki aðrar merkingar.
3. Stór kross er yfir allan ramma L-listans (báða ramma þess framboðs þ.e. efri rammann þar sem í er listbókstafurinn og nafn framboðsins og neðri rammann þar sem í eru nöfn frambjóðendanna).
4. Krossað er yfir öll nöfnin á N-lista og hringur dreginn utan um öll nöfnin á L-listanum.
5. Strikað yfir nafn 1. manns á L-lista.
6. Merkt með krossi við L-lista og strikaðir út 1. menn á báðum listum.
7. Krossað við N-listann og framan við 1. mann þar, og tölurnar 2, 3, 4 við aðra menn þess lista og strikað yfir nöfn 7. og 10. manns L-listans.
8. Krossað við L, og strikaðir út 1. maður á L-lista og 1. og 3. maður á N-lista.
9. Strikað yfir nafn 1. manns L-lista og 1. og 3. manns á N-lista.
10. Krossað við L, og strikað yfir nöfn 1. manns þess lista og 1. og 3. manns N-lista.
11. Strikað yfir nafn 1. manns á L-lista.
12. Hringur dreginn um númerin framan við nöfn 1., 2., 3., 8. og 9. manns á L-lista og 1., 2., 3., 4. og 8. manns á N-lista.
13. Utankjörfundaratkvæði merkt „B“.
14. Utankjörfundaratkvæði merkt stafnum „S“ (stimplað).

Þeir atkvæðaseðlar sem getið er í kæruskjali eru atkvæðaseðlar nr. 1, 2 og 3.

Með engu móti er unnt að ímynda sér hvorn listann viðkomandi kjósendur hafa viljað velja af **atkvæðum nr. 9, 12, 13 og 14**, og þau því ógild skv. b-lið 78. gr. laga nr. 5 frá 1998 um kosningar til sveitarstjórna.

Varðandi **atkvæði nr. 6, 7, 8 og 10** þá eru þau þannig að krossað er við listabókstaf eins lista (í þremur tilvikum L-lista og einu tilviki N-lista) og auk þess strikað yfir nöfn framboðenda á hinum listunum. Þetta er í andstöðu við fyrirmæli 61. gr. sveitarstjórnarkosningalaganna. Þrátt fyrir að í 61. gr. komi ekki fram hverju það varði þegar hreyft er við þeim öðrum lista en þeim sem kjósendi krossar við, þá er orðin rík hefð að meta slík atkvæði ógild. Samkvæmt c-lið 78. gr. sveitarstjórnarkosningalaganna varðar það ógildi atkvæðis ef kjósendi tölumerkir annan lista en þann sem hann vill kjósa. Eðlilegt er að sama gildi um atkvæði þar sem útstrikunum er beitt á öðrum listum. Kjörnefnd gerir því ekki athugasemd við úrskurð kjörstjórnar á atkvæðum nr. 6, 7, 8 og 10.

Atkvæðaseðill nr. 4 er kjörnefnd sammála kjörstjórn um að teljist ógildur. Hefur þá verið horft annars vegar til þeirrar meginreglu að ekki megi hreyfa við nema einum framboðslista og hins vegar reglu 58. gr. sveitarstjórnarkosningalaganna um að til að velja framboðslista skuli nota táknið kross, þannig að útilokað er að greina hver vilji viðkomandi kjósenda hefur verið.

Varðandi **atkvæði nr. 1 og 2** þá eru einu merkingarnar á þeim kross fyrir framan nafn framboðanda. Hér ber að líta til 2. mgr. 79. gr. sveitarstjórnarkosningalaganna þar sem segir „*lista telst greitt atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á*“. Bar kjörstjórn því að meta þessi tvö atkvæði gild.

Varðandi **atkvæði nr. 5 og 11** þá mæla öll sömu rök með því að telja þau gild og eru að baki því að meta atkvæði nr. 1 og 2 gild. Framsetning 79. gr. er þannig að ætla verður að tilvik þau sem þar eru tiltekin séu nefnd í dæmaskyni, og að sama regla eigi við um önnur samskonar tilvik. Ekki eru forsendur til að gagnálykta um að andstæð regla eigi við. Kjörnefnd telur samkvæmt þessu að atkvæði nr. 5 og 11 eigi að teljast gild og greidd L-listanum.

Hvað varðar **atkvæði nr. 3**, þá er í 79. gr. sveitarstjórnarkosningalaganna lýst þeirri meginreglu, að atkvæði skuli ekki meta ógilt ef greinilegt er hvernig það á að falla. Tilgangur kosninga er að gefa kjósendum kost á að velja framboðslista og til þess ber skv. 58. gr. sveitarstjórnarkosningalaganna að nota táknið kross. Í samræmi við það, og með vísan til fordæmis í úrskurði Félagsmálaráðuneytisins frá 10. ágúst 1990 í kærumáli vegna sveitarstjórnarkosninga í Keflavík, er það niðurstaða kjörnefndar að þessi atkvæðaseðill sé gildur og greiddur L-listanum.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða kjörnefndar að meta eigi atkvæði nr. 1, 2, 3, 5 og 11 gild. L-listinn hafi þá hlotið 86 atkvæði og N-listinn 165. Að baki 2. manni L-listans séu því 43 atkvæði og að baki 4. manni N-listans séu 41,25 atkvæði. Sá fyrrnefndi ætti því að vera fimmti fulltrúinn í sveitarstjórninni.

Sérstaklega skal það tekið fram að til að komast að þessari niðurstöðu er í raun nægilegt að taka afstöðu til atkvæða nr. 1 og 2. Því að sama er hvaða önnur útgáfa þessara seðla yrði metin gild, atkvæðin að baki 2. fulltrúa L-listans yrðu alltaf fleiri en að baki 4. fulltrúa N-listans.

VII.

Í framburðarskýrslu sem kærandi gaf kjörnefnd, fann hann að því að kjörkassinn hafi ekki verið innsiglaður þegar kjörstjórn kom með hann til fundarins með oddvitum lista að kvöldi kjördags. Á sama hátt var kjörkassinn óinnsiglaður þegar kjörstjórn mætti með

hann til fundar við kjörnefnd þann 8. júní sl. Kjörstjórn lýsti þá þeim vinnubrögðum sínum að læsa kassanum og fela einum kjörstjórnarmanni að varðveita lyklna og öðrum að varðveita kassann.

Í samtali kjörnefndarmanna við kjörstjórn kom fram að um væri að ræða kjörkassa sem notaður hefði verið í Djúpavogshreppi í nokkrum undanförunum kosningum. Kassinn er ekki boraður fyrir innsigliþráð og ekki er að sjá utan á honum ummerki eftir nein innsigli.

Ljóst er að kjörstjórn hefur ekki gætt að reglu 83. gr. sveitarstjórnarkosningalaganna um að eftir talningu skuli varðveita kjörseðla í innsigliðum umbúðum.

Hins vegar hefur ekkert komið fram um annað en að varðveislan hafi verið trygg. Voru þau í vörslu eins kjörstjórnarmanns í læstum kjörkassa, og lykillinn í vörslu annars kjörstjórnarmanns. Yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar á sjö kjörkassa með eins læsingum og kassi Djúpavogsmanna. Kjörnefnd reyndi að opna Djúpavogskassann með lykllum Fjarðabyggðarmanna og reyndist það ekki hægt. Verður því að ætla að læsingin verði ekki opnuð nema með hinum réttu lykllum.

Kjörnefnd sýndi kjörstjórn og oddvitum framboðslistana þá kjörseðla sem úrskurðaðir voru ógildir, og þessir aðilar þekktu þá sem sömu seðla og komu fram við talninguna.

Með vísan til framansagðs verður ekki talið að þessi vinnubrögð leiði til þess að ógilda beri kosningarnar, en engu að síður eru þau mjög aðfinnsluverð.

VIII.

Þá skal tekið til skoðunar hverjar afleiðingar það hefur að úrskurður vafaatkvæða var rangur og úrslit hefðu átt að verða önnur en þau sem kynnt voru.

Ákvæði sveitarstjórnarlaganna um valdheimildir kjörnefndar eru býsna fátækleg. Ekki er þar lýst öðrum niðurstöðum en þeim að lýsa kosningu gilda eða ógilda. En það skilyrði þó sett í 94. gr. „að gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna“.

Í ritinu „Stjórnskipunarréttur“ útg. 1997 eftir Gunnar G. Schram er á bls. 230-1 fjallað um tilvik sem þetta í alþingiskosningum, og þar segir: „Ef ágreiningsatkvæði getur engu ráðið um kosningaúrslit á ekki að ónýta kosningu þótt það hafi ranglega verið metið ógilt. Öðru máli gegnir ef atkvæði frambjóðanda eru jöfn, að hinu ógilda atkvæði slepptu. Þar hefði það einmitt ráðið úrslitum og ætti því að ógilda kosninguna ef rangt var að meta þann atkvæðaseðil ógildan.“

Kjörnefnd telur að hér beri að líta svo á að hið meira feli í sér hið minna, þannig að fyrst hún hafi vald til að ógilda kosningu hljóti hún að hafa vald til að gera leiðréttingar á niðurstöðum kosninga.

Ákvæði 94. gr. laganna um kosningar til sveitarstjórna var áður að finna í 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8 frá 1986, og í athugasemdum með frumvarpi að þeim lögum segir: „Það leiðir þó væntanlega af eðli máls, að ekki ber að ógilda kosningar að öllu leyti, ef hægt er að bæta úr því sem áfátt er með ógildingu að hluta eða öðrum úrræðum.“

Kjörnefnd telur að með vísan til athugasemdanna og til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37 frá 1993 sé rétt og skylt að beita vægasta mögulegu úrræði sem nær markmiðinu, og því beri að leiðrétta úrslit kosninganna án þess að ógilda þær í heild sinni.

ÚRSKURÐARORÐ

Ákvörðun kjörstjórnar Djúpavogshrepps um úrslit sveitarstjórnarkosninganna þann 27.

maí 2006 er felld úr gildi. Úrslitin skulu vera þau að L-listi hlaut 86 atkvæði og 2 menn kjörna, og N-listi hlaut 165 atkvæði og 3 menn kjörna.“

II. Kæra til ráðuneytisins.

Eins og fyrr segir var úrskurður kjörnefndar kærður til félagsmálaráðuneytis með bréfi, dags. 19. júní 2006. Í erindi kæranda til ráðuneytisins eru eftirfarandi kröfur gerðar:

Í fyrsta lagi er gerð krafa um að úrskurðað verði að kæra L-listans til kjörnefndar verði úrskurðuð of seint fram komin og kosningaúrslitin látin standa eins og kjörstjórn úrskurðaði endanlega. Tekið er fram að í raun sé verið að krefjast frávísunar málsins vegna þess að kæra hafi ekki borist innan kærufrests. Í öðru lagi er þess krafist að viðurkennt verði að engin vafaatkvæði hafi verið fyrir hendi og því óheimilt að úrskurða um slík atkvæði og kosningaúrslitin látin standa eins og kjörstjórn úrskurðaði endanlega. Í þriðja lagi er þess krafist að ef ekki verði fallist á ofanefndar kröfur verði framkvæmd alger endurtalning á öllum atkvæðum í Djúpavogshreppi, bæði gildum og ógildum.

Um málavexti er vísað til úrskurðar kjörnefndar, dags. 14. júní 2006.

Kærandi rökstyður kröfur sínar til ráðuneytisins með eftirfarandi hætti:

1. „Kærandi telur að sú niðurstaða kjörnefndar að kæra L-listans hafi komið nægilega snemma fram sé röng. Nefndin byggir á því að símtal og tölvupóstur sé nægilega formleg kæra. Skv. 93. gr. laga 5/1998 ber að „afhenda“ sýslumanni kæru innan sjö daga frá því að úrslitum kosninga var lýst. Skv. venjum um tilkynningar sem þessa, virðist pósthafsending, á undirritaðri kæru, sem send er innan frestsins og frumrit kærunnar og fylgigagna þá jafnframt afhent til pósthafsendingar innan sama tíma, vera venjubundin leið, og sú aðferð sem gera á kröfu um. Enginn getur vitað frá hverjum tölvupósthafsending kemur í raun og svo er í þessu tilfalli. Kærandi f.h. L-listans getur haldið því fram að kæran sé frá honum komin en um það getur í raun enginn vitað. Símtal getur alls ekki uppfyllt þetta skilyrði og sama er að segja um tölvupósthafsendingu. Nokkra leiðbeiningu má fá í 2. mgr. nefndrar 93. gr. laganna, varðandi kæru til félagsmálaráðuneytisins, þar sem gerð er krafa um tilkynningu um kærana innan frests og jafnframt að skjöl þau sem kæranni fylgja verði sett í póst innan sama tíma. Gera verður þá ráð fyrir því að jafnframt sé frumrit kærunnar póstað með fylgigögnunum, því annars væri engin kæra komin fram, heldur einungis tilkynning um kæru og fylgigögn. Í máli því sem hér er kært, liggur fyrir að sýslumaður móttók kæru L-listans þann 6. júní, en ekkert liggur fyrir um það hvenær gögnin voru sett í póst. Sönnunarbyrði fyrir því hvenær gögnin voru sett í póst hlýtur að liggja hjá L-listanum, kærandanum í málinu. Þar sem þetta liggur ekki fyrir telur kærandi að eðlilegt sé að líta svo á að kæran sé of seint fram komin. Jafnvel þó fallist yrði á að tölvupóstur til sýslumanns um kæru bærisk innan frests, hlýtur að verða að gera sömu kröfu og í kæru til ráðuneytisins, þ.e. að gögn séu þá jafnframt pósthafsendin innan frestsins, sem ekki virðist hafa verið gert í þessu máli.“

2. „Rök fyrir þessari kröfu eru þau að enginn ágreiningur hafi verið uppi í kjörstjórn, né hjá umboðsmönnum lista um nokkurt atkvæði. Öll atkvæði hafi verið metin strax annað hvort gild eða ógild og því gildi regla 81. gr. laganna um að ef yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista kemur saman um að einhver kjörseðill sé ógildur þá skuli hann ógildan telja. Þetta er fortakslaus regla, og á sér hliðstæðu í 103. gr. laga um kosningar

til Alþingis nr. 24/2000. Það voru engir ágreiningsseðlar sem þurfti að úrskurða um í samræmi við 81. gr. laganna og setja í sérstök umslög eins og nánar greinir í lögnum. Ekkert var bókað eða rætt um ágreiningsseðla á vettvangi kjörstjórnarinnar af því að ekki var um neinn ágreining að ræða. Ekkert var heldur bókað né nokkrar athugasemdir gerðar af hálfu umboðsmanna lista. Þetta mun hafa komið skýrt fram í vitnisburði kjörnefndarmanna og umboðsmanns N-listans í viðtölum þeirra við kjörnefndina. Sá eini sem segir eitthvað annað er umboðsmaður L-listans, sem segir eftir á að hann hafi gert allskyns athugasemdir, sem enginn annar kannast við og sem eru augljóslega uppspuni frá rötum og að engu hafandi og settar fram til að hafa með óheiðarlegum hætti áhrif á kosningaúrslit sem hann var ósáttur við. Þetta kemur í raun einnig fram í kærnu L-listans, þar sem segir að: „þrjú atkvæði gátu talist vafaatkvæði og voru talin ógild ásamt fleiri atkvæðum....“ Það var e.t.v. hægt að meðhöndla þessi atkvæði sem vafaatkvæði, eins og segir í kærinni, en það var ekki gert og því of seint að grafa það upp eftir talningu, og úrskurð kjörstjórnar um kosningaúrslit. Krafa um endurskoðun á ágreiningsatkvæðum á því ekki rétt á sér, þar sem engin ágreiningsatkvæði voru til staðar. Er gerð krafa um það að ráðuneytið skoði sjálfstætt hvað kjörstjórnarmenn og umboðsmenn lista hafa að segja um það sem fram fór á kjörfundi ef minnsti vafi er um það í þeirra huga hvað raunverulega fór fram.“

3. „Ef niðurstaðan er sú að rétt sé að taka einstök atkvæði til nánari skoðunar þá er gerð sú krafa að öll atkvæði verði þá talin og skoðuð upp á nýtt hvert fyrir sig, bæði þau sem metin voru gild og ógild. Engin sérstök rök eru fyrir því að skoða einungis örfá atkvæði og því eðlilegra að þau séu öll skoðuð algerlega upp á nýtt.“

III. Niðurstaða ráðuneytisins.

Um kosningakærun er fjallað í XIV. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998. Er þar að finna fyrirmæli um hvert kærnum skal beint, kærufresti, hvaða aðilar skuli kveða upp úrskurð og innan hvaða tímamarka. Að auki er fjallað um hvaða sveitarstjórn skuli starfa ef kosning er úrskurðuð ógild og að lokum er gert ráð fyrir að gallar á framboði eða kosningu leiði ekki til ógildingar kosninga nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna. Aðrar reglur um málsmeðferð í kosningakærumálum er ekki að finna í lögum nr. 5/1998 og ekki er sérstaklega vísað til annarra laga um málsmeðferð.

Í ljósi þess að ekki eru frekari málsmeðferðarreglur í lögum nr. 5/1998 svo og þess að úrskurði kjörnefndar skv. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 verður skotið til félagsmálaráðuneytisins, sbr. 3. mgr. sömu greinar, telur ráðuneytið ljóst að málsmeðferðarreglur stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, gildi um meðferð kjörnefndar og ráðuneytisins á kosningakærum eftir því sem við getur átt.

Í máli þessu er kærður úrskurður kjörnefndar, dags. 14. júní 2006, og barst kærnan ráðuneytinu þann 19. júní sl., en fylgiskjölín voru póstlögð voru þann 20. júní og bárust ráðuneytinu þann 23. júní. Kærnan er því fram komin innan tilskilins kærufrests, sbr. 3. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998.

Um fyrstu kröfu kæranda.

Aðalkrafa kæranda byggist á því sjónarmiði að kjörnefnd hafi átt að vísa málinu frá vegna þess að kærnan hafi verið of seint fram komin og krefjast því ógildingar á úrskurðinum af þeim sökum. Er þar fyrst og fremst byggt á því að símtal og tölvupóstur sé ekki nægilega formleg kæra þar sem skv. 93. gr. laga nr. 5/1998 beri að „afhenda“ kærnu innan sjö daga frá því

úrslitum kosninga var lýst.

Um kærufrest segir svo í 1. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998:

„Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því lýst var úrslitum kosninga.“

Í lögnum er þannig ekki að finna formleg skilyrði fyrir því með hverjum hætti kæra telst vera *afhent* í skilningi 1. mgr. 93. gr. laganna. Til samanburðar má benda á að í 3. mgr. 93. gr. þar sem kveðið er á um málskot á úrskurði kjörnefndar til félagsmálaráðuneytis segir að *tilkynning* um kærana skuli komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau sem kærinni kunna að fylgja sett í póst innan sama tíma.

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 27. maí 2006 og rann því sjö daga kærufrestur út um miðnætti þann 3. júní. Við meðferð málsins hjá ráðuneytinu var aflað staðfestingar Íslandspósts hf. um póstsendingu kærunnar. Samkvæmt útskrift Íslandspósts frá 21. júní 2006 fór póstlagningin fram í ábyrgðarpósti til sýslumannsins á Eskifirði þann 2. júní 2006 kl. 14.31. Sendandi er Ragnheiður Margrét Eiðsdóttir, Djúpavogi, (eiginkona kæranda og annar umboðsmaður L-lista). Samkvæmt útskriftinni var sendingin síðan skönnuð til afhendingar hjá sýslumanni þann 6. júní 2006 kl. 10.46.

Fram kemur í úrskurði kjörnefndar að kærandi hefði haft símasamband við sýslumannsembættið þar sem hann tilkynnti að kæran yrði send 2. júní. Þá liggur jafnframt fyrir tölvupóstur frá kæranda til sýslumannsembættisins, dags. 1. júní 2006, þar sem kærandi tilkynnir að kæra vegna sveitastjórnarkosninga í Djúpavogshreppi 27. maí sl. verði póstlögð að morgni 2. júní.

Að mati ráðuneytisins hefur símtal ekkert sönnunargildi í þessum efnum. Tölvupóstur hefur eitthvert gildi þótt sá máti verði ekki talinn öruggur. Meginatriðið er sending til sýslumanns með ábyrgðarpósti 2. júní 2006 kl. 14.31 sem staðfest er af Íslandspósti hf. Í því sambandi má benda á að kærandi mátti ætla að póstsending á Djúpavogi þann 2. júní kl. 14.31 væri nægjanleg til að kæra bærast sýslumannsembættinu fyrir lok kærufrests, þ.e. fyrir lokun þann 3. júní. Svo fór þó ekki heldur barst kæran embættinu fyrst þann 6. júní eins og áður kom fram. Töf á afhendingu sendingarinnar til sýslumannsembættisins verður ekki talin vera á ábyrgð kæranda.

Telja verður að sending á frumriti kærunnar ásamt fylgigögnum í ábyrgðarpósti þann 2. júní sl. sé í samræmi við þær kröfur sem venja er að gera á þessu sviði. Þá má, auk 1. mgr. 93. gr., einnig líta til 3. mgr. 93. gr. varðandi kæru til félagsmálaráðuneytis þar sem segir að tilkynning um kærana skuli komin innan viku og skjöl þau, sem kærinni kunna að fylgja, sett í póst á sama tíma.

Með hliðsjón af framangreindu telur ráðuneytið að með póstlagningu kærunnar ásamt fylgigögnum innan kærufrestsins, svo og með tölvupóstsendingu frá 1. júní, þótt ósönnuð sé í strangasta skilningi, sé hægt að líta svo á að kærandi hafi fullnægt skilyrði 1. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 um afhendingu á kæru til nefndar sýslumanns innan kærufrestsins.

Um aðra kröfu kæranda.

Kærendur krefjast þess að viðurkennt verði að engin vafaatkvæði hafi verið fyrir hendi. Því sé óheimilt að úrskurða um slík atkvæði og því verði kosningaúrslitin látin standa eins og

kjörstjórn úrskurðaði endanlega. Rökin eru þau að enginn ágreiningur hafi verið uppi í kjörstjórn né hjá umboðsmönnum lista um nokkurt atkvæði. Öll atkvæði hafi verið metin strax annaðhvort gild eða ógild og því gildi regla 81. gr. laganna um kosningar til sveitarstjórna um að ef yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista kemur saman um að einhver kjörseðill sé ógildur þá skuli hann ógildan telja. Þetta sé fortakslaus regla sem á sér hliðstæðu í 103. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, eins og segir orðrétt í kærui.

Í umsögn kjörstjórnar til kjörnefndar, dags. 7. júní 2006, er atburðarrás við talningu atkvæða lýst svo:

„Talning fór fram eftir að kjörfundi lauk í Grunnskóla Djúfavogs að viðstöddu fólki af báðum listum.

Oddvitar beggja lista, Guðmundur V Gunnarsson af L-lista, Andres Skúlason af N-lista og umboðsmaður N-lista skoðuðu alla kjörseðla jafn óðum og þeir voru taldir. Tók undirritaður fram í tvígang á meðan á talningu stóð að ef einhverjar athugasemdir væru við úrskurð kjörstjórnar á kjörseðlum þá þyrfti það að gerast jafnhliða talningu og útskýrði hvers vegna það væri nauðsynlegt.

Fór talning fram án athugasemda.

Einn kjörseðill sem merktur var með litlum krossi við 7. mann L-lista kom fram snemma í talningu. Var það atkvæði úrskurðað vafaatkvæði og tekið til hliðar um stund. Haldið var áfram talningu og kom þá fram seðill þar sem merkt var við 1. mann N-lista með krossi.

Kom þá fram tillaga um að bæði atkvæðin yrðu tekin frá og talin með ógildum seðlum og var það samþykkt samhljóða. Var síðan lokið við talningu.

Vegna rangra útreikninga kjörstjórnar á kjörnum fulltrúum voru allir þeir sem viðstaddir voru talningu, oddvitar og umboðsmenn, boðaðir strax aftur á talningarstað þar sem útreikningur kjörmanna var endurtekinn.

Þegar kom síðan í ljós að jafnt var á tölum við 5. mann í sveitarstjórn fór Guðmundur Valur fram á endurskoðun á ógildum seðlum. Voru þeir skoðaðir en lyktir urðu þær að kjörstjórn stóð við sinn úrskurð.

Dregið var um 5. sætið með þeim hætti að teknar voru 2 samskonar bækur og sett í þær blöð með sinn hvorum listabókstafnum. Tekið var fram að sá listabókstafur sem kæmi upp í útdrættinum þýddi 5. sveitarstjórnarmanninn.

Tveir kjörstjórnarmenn fóru afsíðis og útbjuggu miðana og settu í bækurnar. Þegar þeir komu aftur í talningarherbergið dró, með samþykki viðstaddra, þriðji kjörstjórnarmaðurinn um röðina og dreginn var tölustafurinn N og hlaut N-listinn þar með 5. mann í sveitarstjórn.

Eflaust má deila um vafaatkvæði en í þessu tilfelli var ekki deilt um nein atkvæði á meðan úrskurðað var. Kjörstjórn lét úrskurð sinn standa en eins og segir í 81. grein kosningalaga, að komi kjörstjórn og umboðsmenn sér saman um að kjörseðill sé ógildur skuli hann ógildur teljast.“

Ákvæði 81. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar er svohljóðandi:

„Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils skal afl atkvæða ráða úrslitum. Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda og í hitt þá seðla sem hún hefur úrskurðað

ógilda.

Þegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna færir yfirkjörstjórn niðurstöðu kosninganna í gerðabókina og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í sveitarfélaginu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.“

Ákvæði 81. gr. laganna kveður á um með hverjum hætti kjörstjórn og umboðsmenn flokka taka afstöðu til gildi kjörseðla þegar í kjölfar kosninga. Komi hins vegar til þess að kosningar eru kærðar gilda ákvæði 93. og 94. gr. laganna um meðferð á kosningakærum bæði hvað kjörnefnd og félagsmálaráðuneyti varðar. Telja verður ljóst að 81. gr. laganna bindur ekki hendur þeirra stjórnvalda sem með lögum hafa það hlutverk að skera úr um kosningakæru. Þegar kosning er kærð hafa kjörstjórn og umboðsmenn viðkomandi lista ekki lengur forræði máls, heldur ber viðkomandi stjórnvaldi, kjörnefnd og félagsmálaráðuneyti, að rannsaka málið og sjá til þess að það sé nægilega upplýst. Þetta þýðir að ákvæði 81. gr. laganna verður að skoðast með hliðsjón af 93. og 94. gr. laganna ef til kæru kemur.

Þegar um er að ræða málsatvik sem hafa augljóslega þýðingu við úrlausn tiltekins máls verður ávallt að rannsaka þau nánar af hinu æðra stjórnvaldi svo hægt verði að komast að efnislega rétttri niðurstöðu, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en ákvæðið er svohljóðandi: „Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.“

Samkvæmt úrskurði kjörnefndar greiddu alls 267 manns atkvæði í sveitarstjórnarkosningunum. Af þeim voru 7 seðlar auðir og 14 seðlar metnir ógildir. Þar sem hvert atkvæði gat skipt máli skoðaði kjörnefnd alla 267 atkvæðaseðlana sem notaðir voru í kosningunum. Þá kom í ljós að allir seðlarnir sem kjörstjórn mat gilda reyndust réttilega metnir. Sjö reyndust auðir. Af þeim 14 kjörseðlum sem kjörstjórn hins vegar mat ógilda, voru fimm gildir samkvæmt úrskurði kjörnefndar. Sú niðurstaða kjörnefndar breytti úrslitum kosninganna samkvæmt úrskurði kjörnefndar eins og áður hefur komið fram.

Við framangreindar aðstæður er ljóst að ráðuneytinu er skylt í samræmi við rannsóknarskyldu sína skv. 10. gr. stjórnsýslulaga að skoða framangreinda 14 kjörseðla og endurmeta þá niðurstöðu kjörnefndar sem telur fimm af hinum 14 seðlum hafa verið gilda.

Á hinn bóginn er ekki nauðsynlegt að skoða alla kjörseðlana sem notaðir voru í kosningunum. Kjörnefnd skoðaði alla 267 kjörseðlana og komst að þeirri niðurstöðu að allir kjörseðlarnir sem kjörstjórn mat gilda væru réttilega metnir. Þar af leiðandi telur ráðuneytið óþarft að skoða alla kjörseðlana á nýjan leik. Það eru áður nefndir 14 kjörseðlar sem kjörstjórn mat ógilda, en kjörnefnd úrskurðaði fimm þeirra gilda, sem fela í sér frávík sem ráðuneytinu er skylt að rannsaka, eins og áður sagði, enda hafa þau atkvæði úrslitaáhrif á niðurstöðu kosninganna.

Í 78. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 er kveðið á um hvenær atkvæði skal metið ógilt. Ákvæðið hljóðar svo:

„Atkvæði skal meta ógilt:

- a. ef kjörseðill er auður,
- b. ef ekki verður séð við hvern lista er merkt eða ef ekki verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af listum sem í kjöri eru,
- c. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum

- eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil,
- d. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
 - e. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent,
 - f. ef í umslagi með utankjörfundarseðli er annað eða meira en einn kjörseðill.

Þá er í 79. gr. laganna kveðið á um hvaða atkvæði skal metið gilt þó gallað sé. Þar segir svo:

„Atkvæði skal ekki meta ógilt þó að gallað sé ef greinilegt er hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t.d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli fylgi orðið listi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmalasamtaka o.s.frv.

Listi telst greitt atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

Við óbundnar kosningar skal ekki meta atkvæði ógilt þótt sleppt sé fornafni eða eftirnafni ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.“

Ráðuneytið hefur fengið send frá formanni kjörnefndar ljósrit þeirra 14 kjörseðla sem kjörstjórn úrskurðaði ógilda. Af þeim úrskurðaði kjörnefnd gild atkvæði á seðlum nr. 1, 2, 3, 5 og 11, en önnur atkvæði ógild.

Um er að ræða eftirfarandi kjörseðla:

- Kjörseðill 1 þar sem krossað er við nafn 7. manns á L-lista, en ekki aðrar merkingar.
- Kjörseðill 2 þar sem krossað er við nafn 1. manns N-lista, en ekki aðrar merkingar.
- Kjörseðill 3 þar sem settur er kross yfir allan ramma L-lista (báða ramma þess framboðs, þ.e. efri rammann þar sem í er listabókstafurinn og nafn framboðsins og neðri rammann þar sem í eru nöfn frambjóðendanna).
- Kjörseðill 4 þar sem krossað er yfir öll nöfn á N-lista og hringur dreginn utan um öll nöfnin á L-lista.
- Kjörseðill 5 þar sem strikað er yfir nafn 1. manns á L-lista.
- Kjörseðill 6 þar sem merkt er með krossi við L-lista og strikaðir út 1. menn á báðum listum.
- Kjörseðill 7 þar sem krossað er við N-listann og framan við 1. mann þar og tölurnar 2, 3, 4 við aðra menn þess lista og strikað yfir nöfn 7. og 10. manns L-lista.
- Kjörseðill 8 þar sem krossað er við L og strikaðir út 1. maður á L-lista og 1. og 3. maður á N-lista.
- Kjörseðill 9 þar sem strikað er yfir nafn 1. manns L-lista og 1. og 3. manns á N-lista
- Kjörseðill 10 þar sem krossað er við L og strikað yfir nafn 1. manns þess lista og nöfn 1. og 3. manns N-lista.
- Kjörseðill 11 þar sem strikað er yfir nafn 1. manns á L-lista.
- Kjörseðill 12 þar sem hringur er um númerin framan við nöfn 1., 2., 3., 8. og 9. manns á L-lista og 1., 2., 3., 4. og 8. manns á N-lista.
- Kjörseðill 13. Utankjörfundaratkvæði merkt B.
- Kjörseðill 14. Utankjörfundaratkvæði merkt S.

Eftir athugun á þessum seðlum og með vísun í röksemdir kjörnefndar fellst ráðuneytið á niðurstöðu kjörnefndar í máli þessu um að atkvæði 1, 2, 3, 5 og 11 séu gild. Þannig fellur atkvæði á kjörseðli 1 til L-lista, á kjörseðli 2 til N-lista, á kjörseðli 3 til L-lista, á kjörseðli 5 til L-lista og á kjörseðli 11 til L-lista.

Kjörseðill 3 krafðist ítarlegrar athugunar. Í úrskurði félagsmálaráðuneytis frá 10. ágúst 1990 segir svo um kjörseðil „þar sem markaður er kross yfir framboðið í heild. „ ... vilji kjósandi hafna einhverjum frambjóðanda eða frambjóðendum ber honum, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 84. gr. laga nr. 80/1987 (þágildandi lög um kosningar til Alþingis, innskot ráðuneytis), að strika yfir nafn hans eða nöfn sérstaklega. Krossi hann hins vegar yfir nafn eða nöfn frambjóðanda á einum lista ber að jafnaði að líta á slíkan kjörseðil sem atkvæði greitt þeim lista.“ Ákvæði 3. mgr. 84. laga nr. 80/1987 er efnislega það sama og í 3. mgr. 58. gr. laga nr. 5/1998, en það hljóðar svo: „Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.“ Með hliðsjón af framangreindu fellst ráðuneytið á úrskurð kjörnefndar um að kjörseðill nr. 3, þar sem settur er kross yfir allan ramma listans, sé gildur.

Um nánari rökstuðning varðandi kjörseðla 1, 2, 5 og 11 vísast til úrskurðar kjörnefndar.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu breytast atkvæðatölur svo frá því sem fram kom við talningu kjörstjórnar að við L-listann bætast fjögur gild atkvæði og við N-lista bætist eitt gild atkvæði. L-listi fær því 86 atkvæði og N-listi 165 atkvæði.

Um þriðju kröfu kæranda.

Kærendur taka fram að verði niðurstaða ráðuneytisins sú að rétt sé að taka einstök atkvæði til skoðunar þá sé gerð sú krafa að öll atkvæði verði þá talin og skoðuð upp á nýtt hvert fyrir sig, bæði þau sem metin voru gild og ógild.

Um þessa málsástæðu vísast til rökstuðnings undir liðnum *Um aðra kröfu kæranda* hér að framan þar sem fram kemur að óþarft verði að teljast að skoða alla atkvæðaseðla kosninganna upp á nýtt, enda bar kjörstjórn og kjörnefnd saman um alla atkvæðaseðlana utan þeirra 14 kjörseðla sem fólu í sér frávik og ráðuneytinu er skylt að rannsaka.

Um valdsvið kjörnefndar.

Samkvæmt 4. mgr. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, getur kjörnefnd úrskurðað kosningu ógilda. Í 94. gr. laganna segir að gallar á kosningu leiði ekki til ógildingar kosninga nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna. Eins og bent er á í úrskurði kjörnefndar er ákvæði 94. gr. laganna samhljóða ákvæði 36. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og í athugasemdum með frumvarpi sem varð að þeim lögum segir: „Það leiðir þó væntanlega af eðli máls að ekki ber að ógilda kosningar að öllu leyti ef hægt er að bæta úr því sem áfátt er með ógildingu að hluta eða öðrum úrræðum.“ Kjörnefnd telur að með vísun í meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sé henni rétt og skylt að beita vægasta mögulega úrræði sem nær markmiðinu og því beri kjörnefnd að leiðrétta úrslit kosninga án þess að ógilda þær í heild sinni. Var svo gert í máli þessu úrskurðaði kjörnefnd um það hver úrslit sveitarstjórnarkosninganna á Djúpavogshreppi þann 27. maí 2006 skyldu vera.

Ákvæði laga um sveitarstjórnarkosningar eru fáorð um valdsvið kjörnefndar. Ráðuneytið telur þó að túlka verði lagaákvæðin um valdsvið nefndarinnar eftir markmiði sínu, þ.e. að kjörnefnd úrskurði um hvort kosning sé gild eða ógild, og þar sé komið að endimörkum á valdbærni nefndarinnar. Slíkt úrskurðarvald leiðir ekki til þess að nefndin hafi vald til að kveða upp úr um úrslit kosninga. Það vald er í höndum kjörstjórnar sem stýrir kosningunum, sbr. 7. mgr. 14. gr. laga nr. 5/1998.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er niðurstaða ráðuneytisins sú að vald kjörnefndar sem skipuð er skv. 93. gr. laga nr. 5/1998 taki til þess að kveða upp úr um gildi eða ógildingu einstakra atkvæða eða kosninganna í heild sinni. Það er á hinn bóginn einungis kjörstjórn sem getur kveðið upp úr endanleg úrslit kosninganna.

Niðurstaða ráðuneytisins.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið staðfestir ráðuneytið niðurstöðu kjörnefndar að efni til, þ.e. að atkvæði á kjörseðlum 1, 2, 3, 5, og 11 séu gild. Rétt úrslit kosninganna eru því þau að L-listi hlaut 86 atkvæði og 2 menn kjörna og N-listi 165 atkvæði og 3 menn kjörna. Níu atkvæði reyndust ógild.

Ráðuneytið beinir því til kjörstjórnar Djúpavogshrepps að hún komi saman, eins fljótt og auðið er, tilkynni sveitarstjórn um úrslit kosninganna og gefi út kjörbréf í samræmi við framangreinda niðurstöðu.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Fallist er á niðurstöðu kjörnefndar frá 14. júní 2006 um að fimm atkvæði sem kjörstjórn í Djúpavogshreppi úrskurðaði ógild skuli vera gild.

Kjörstjórn Djúpavogshrepps skal koma saman eins fljótt og auðið er og tilkynni sveitarstjórn um úrslit kosninganna í samræmi við úrskurð þennan.

Fyrir hönd ráðherra

Guðjón Bragason

Þorgerður Benediktsdóttir

Ljósrit: Djúpavogshreppur